

Samstarf leikskóla og grunnskóla í Árborg

September – maí	<ul style="list-style-type: none"> * Leikskóla- og grunnskólakennarar fara a.m.k. einu sinni í heimsóknir á milli stiga. Markmiðið er að sjá hvað er verið að gera á hvorum stað. 	Haft er samband við deildarstjóra grunnskóla eða aðstoðarleikskólastjóra leikskóla.
Október	<ul style="list-style-type: none"> * Nemendur í 1. bekk grunnskóla fara í heimsóknir í gamla leikskólann sinn. Báðir grunnskólarnir fara í heimsóknina á sama tíma. Stefnt skal að fyrstu viku októbermánaðar. 	Deildarstjórar grunnskóla hafa samband við aðstoðarleikskólastjóra leikskólanna.
Nóvember	<ul style="list-style-type: none"> * Önnur heimsókn nemenda 1. bekkjar grunnskóla í gamla leikskólann sinn. Báðir grunnskólarnir fara í heimsóknina á sama tíma. Heimsóknin fer fram í síðustu viku nóvembermánaðar. 	Deildarstjórar grunnskóla hafa samband við aðstoðarleikskólastjóra leikskólanna.
Janúar	<ul style="list-style-type: none"> * Elstu börnin í leikskólunum koma í heimsókn í skólana. Fá að skoða grunnskólann og frístund. Allir leikskólarnir á Selfossi heimsækja báða grunnskólana. 	Deildarstjórar leikskólanna hafa samband við deildarstjóra grunnskólanna.
Janúar til mars	<ul style="list-style-type: none"> * Samstarf hefst hjá Álfheimum, Árbæ og Vallaskóla annars vegar og Hulduheimum, Jötunheimum og Sunnulækjarskóla hins vegar. Samstarf er einnig hjá Brimver, Æskukot og BES. * Elstu leikskólabörnin koma í heimsóknir í grunnskólana, fá að horfa á sundkennslu og taka þátt í íþróttum og öðrum tímum. 	Deildarstjórar leikskólanna hafa samband við deildarstjóra grunnskóla um fyrirkomulagið og tíðni heimsókna. Leikskólakennarar geta haft beint samband við íþrótt- og sundkennara.

Febrúar- mars	<ul style="list-style-type: none"> * Innritun leikskólabarna í grunnskólann. Foreldrar sækja um rafrænt inn á Mín Árborg. * Bréf um Vorskólann er sent til foreldra og leikskólanna. 	Deildarstjóri grunnskóla sendir bréfið til foreldra. Einnig er bréfið sent til tengiliðs leikskólanna ásamt skipulagið fyrir Vorskólann.
Apríl	<ul style="list-style-type: none"> * Vorskólinn fer fram. Fyrsta daginn koma börnin í fylgd foreldra í tveimur hópum í skólaheimsókn. Skólastjórnendur taka á móti börnunum og foreldrum, ganga með þeim um skólann og skoða hann. Annan og þriðja daginn fylgja leikskólakennarar börnunum í skólann. Þær heimsóknir fara fram eftir hádegi þar sem starfsmenn grunnskólans taka á móti þeim. * Endurmat á skipulagi Vorskólans fer fram í tölvupósti. 	Deildarstjórar grunnskólanna halda utan um skipulagið fyrir vorskólann.